

Eystrahorn

22. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 13. júní 2019

www.eystrahorn.is

Sjómanna dagurinn haldinn hátíðlegur



Sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur helgina 1. til 2. júní. Á þessu sinni voru það áhafnirnar á Jónu Eðvalds og Vigra sem voru í Sjómannadagsráði. Á laugardegnum var kappróðurinn, þar sem 7 lið í karlaflokki öttu kappi og bar lið Sveitavarganna sigur úr býtum á 1 mínútu 18,49 sekúndum og er það annað sinn í röð sem þeir vinna bikarinn, er því til mikils að vinna fyrir þá að endurtaka leikinn að ári því ef lið vinnur 3 ár í röð er bikarinn til eignar, aðeins kepptu tvö kvennalið og bar lið Grunnskóla Hornafjarðar sigur úr býtum á tímanum 1 mínútu 43,28 sekúndum og er það einnig í annað sinn í röð sem þær sigra og því á sama við um þær.

Þá voru bryggjuleikir á sínum stað koddaslagur og flekahlaup, var þátttaka eldri hópa takmörkuð en krakkarnir undu sér vel í öllum greinum og komust færri að í flekahlaupinu en vildu. Á meðan bryggjuhátiðin fór fram hélt Kvennakór Hornafjarðar sína árlegu kaffisölu sem að þessu sinni var haldin í Slysavarnarhúsinu og var vel sótt. Því næst var boðið uppá siglingu þar sem Ásgrímur Halldórsson og Jóna Eðvalds sigldu með mannskapinn og var þónokkur mannfjöldi sem sigldi eins og ávallt.

Um kvöldið var svo hátíðarkvöldverður og ball í íþróttahúsinu þar sem um 290 manns mættu á borðhaldið og allnokkuð bættist svo við á sjálfan dansleikinn.

Yfir borðhaldinu var ljóstrað upp næsta sjómanna dagsráði sem verða áhafnir á Þóri SF og starfsfólk Vélsmiðjunnar Foss.

Dagskrá sunnudagsins hófst með messu í Hafnarkirkju, Gunnar Örn Marteinnsson flutti hugvekjandi og hjónin Jón Þorsteinsson og Sigurrós Erla Björnsdóttir lögðu blómsveig í minningarreit um horfna sjómenn. Því næst hófst hátíðardagskrá á hóteltúninu, og flutti bæjarstjórinn ávarp í tilefni dagsins og tveir fyrrum sjómenn voru heiðraðir. Það voru Gísli Páll Björnsson og Ingvi Þór Sigurðsson.

Bingó var spilað standandi um 3 vinninga og var því ekki þörf á pennum og barnafjöldinn beið greinilega spennur eftir hinu árlega karamelluregni og flyktust í það en allir fengu í sig og sína.

Gísli Páll Björnsson

Gísli Páll Björnsson er fæddur á Höfn 29. apríl 1953 og ólst þar upp. Foreldrar hans voru Björn Karl Gíslason rafvirkji og Helga Elisabet Pétursdóttir húsfreyja. Gísli á tvö yngri hálf systkini. Eiginkona Gísla er Hrefna Lúðvíksdóttir frá Ólafsvík en hún kom hingað til Hafnar á humarvertíð. Þau eiga þrjú börn, átta barnabörn og eitt barna-barnabarn. Haustið 1973 ræður Gísli sig sem vélstjóri hjá Stefáni Arngrímssyni. Gísli var síðan á hinum ýmsu bátum, ýmist sem vélstjóri eða 2. vélstjóri.

Árið 1983 kaupa Hrefna og Gísli Páll ásamt Elinu Kristjönu Þorvaldsdóttur og Jóni Hafdal Héðinssyni Hafnarey SF 36 og ráku þá útgerð til ársins 2006. Í dag rekur Gísli Páll eigið fyrirtæki og tekur að sér brýnslu og viðhald á sláttuvélum fyrir golfklúbba og bæjarfélög.

Gísli Páll þakkar öllum þeim sem hann hefur starfað með og kynnst í gegnum tíðina og óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra velfarnaðar.

Ingvi Þór Sigurðsson

Ingvi Þór Sigurðsson er fæddur á Djúpavogi 25. apríl 1950 Foreldrar hans voru Sigurður Jóhannesson sjómaður og Sigríður Hlökkversdóttir húsfreyja. Ingvi er fimmti í röðinni af 8 systkinum sem skipuðu 6 bræður og tvær systur. Hann ólst upp á Djúpavogi til 10 ára aldurs eða til 1960 þegar fjölskyldan tekur sig til og flytur á Akranes og þaðan lauk hann grunnskólaprófi.

Haustið 1966 ræður hann sig fyrst til sjós þegar hann fer á síldveiðar á Skírni AK. Um áramótin 1967 kemur Ingvi á Hornafjörð í skipsrúm á Ólafi Tryggvasyni SF 60 þar sem Birgir bróðir hans er skipstjóri. Byrjuðu þeir á línu og svo á net. Þar með hófst hornfirskur sjómansferill Ingva og er hann 2 vertíðir á Ólafi. Það var gæfuspör að flytja á Hornafjörð því þar var kvonfang gott og þar kynntist hann spúsu sinni Þóru Ingibjörgu sem allir þekkja sem Systu. Fjölskyldan stækkað síðan og barnaskarinn telur nú 5 börn,

en það eru: Óttar Már, Helena, Sigrún og tvíburarnir Þóra Björg og Inga Rósa. Þess má geta að nánast allur starfsferill Ingva er hjá Útgerðarfélaginu Skinney.

Vorið 1968 fer hann á Steinunni SF 10 og þar er Birgir skipstjóri. Sumarið 1970 fer hann á Ver SF 64 með Garðari Sigurjóns sem skipstjóra. Síðan haustið er hann aftur kominn á Ólaf Tryggvason en þá með Lúlla sem síðar er kenndur við Æskuna og eru þeir í siglingum þetta haust.

Um áramótin 1971 fer Ingvi á Skinney SF 20 með Birgi aftur og var þar þar til skipið er selt til Noregs uppi togarann Skinney sem kemur í staðinn og sigla þeir báðum skipum að heiman og heim. Ingvi er svo á togaranum frá því hann kemur 1975 og er seldur 1978 til Vestmannaeyja.

Eftir það er hann sittá hvað á Steinunni eða Frey með þeim Ingólfi Ásgrímssyni og Birgi ásamt því að vera landformaður, ýmist í beitingu eða netafellingum og öðru tilfallandi til ársins 1987 að hann gerðist verkstjóri í Fiskverkum Skinneyjar (Síðar Skinney-Þinganes) og var þar þar til hann tók tímabundið að sér að verða bræðslustjóri Skinneyjar árið 2006

Í dag starfar hann í netagerð Skinneyjar-Þinganes og hefur verið síðustu 10 ár. Ingvi er þakklátur fyrir starfsferilinn, heilsuna og öllu því góða fólki sem hann hefur kynnst á lífsleiðinni.



Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



Kálfafellsstaðarkirkja
Sunnudaginn 16. júní
Fermingarmessa kl. 12:00
 Eitt barn verður fermt.
 Allir hjartanlega velkomnir.
 Sjá nánar á <http://bjarnanesprestakall.is>

Prestarnir

17. júní í Nesjum



UMF. Máni heldur árlega þjóðhátíðarskemmtun 17. júní.

Dagskrá verður með svipuðu móti og undanfarin ár, þ.e. leikir og gönguferð sem ætti að henta öllum. Við leggjum af stað frá Mánagarði klukkan 13:00. Allir velkomnir.



Stjórn UMF. Mána



Frumherji
Bifreiðaskoðun á Höfn
18., 19. og 20. júní.

Tímabantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 14. júní.
 Næsta skoðun 15., 16. og 17. júlí.

Frumherji

þegar vel er skoðað



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
 Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
 Prófkalestur:..... Guðlaug Hestnes
 Umbrot: Tjörvi Óskarsson
 Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



17. júní hátíðarhöld á Höfn

13:15 Blöðrusala á N1

14:00 Skrúðganga leggur af stað frá N1 á hóteltúnið þar sem hátíðarhöldin fara fram að lokinni skrúðgöngu. Lúðrasveitin leikur að venju í skrúðgöngu og fánaberar eru iðkenndur Sindra í knattspyrnu.

Dagskrá á Hóteltúninu

Ávarp fjallkonu

Ávarp nýstúdents

Söngatriði

Fimleikasýning í boði Iceguide

Hoppukastalar í boði Pakkhúsins

Sápubolti í boði Hafnarkirkju

Andlitsmálning

Grillaðar pylsur

Athugið ef illa viðrar þá verða hátíðarhöldin færð inn í íþróttahús.



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

UPPBOÐ

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Eftirtalin ökutæki verða boðin upp við sýsluskrifstofuna á Höfn, Hafnarbraut 36, 780 Höfn, miðvikudaginn 19. júní 2019 kl. 13.00

- Dodge, Grand Caravan, árgerð 2002, fnr. YB-927.
- BMW 5, árgerð 2002, fnr. TK-070.
- Renault Megane, árgerð 2003, fnr. PH-562

Einungis er hægt að greiða söluverð með peningum, millifærslu eða debetkorti. Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
7. júní 2019

ADVENT námskeið í Finnlandi



Þriggja landa menntaverkefnið ADVENT (Adventure Tourism in Vocational Education and Training) heldur áfram af fullum krafti og hafa lesendur Eystrahorns fengið að fylgjast með því á síðum blaðsins síðustu mánuði. Verkefnið lýtur að því að efla menntunarmöguleika fyrir starfandi aðila í ævintýraferðajónustu og er styrkt af menntaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+. Í verkefninu eru þróuð og prufukeyrð ný fjölbreytt námskeið fyrir ævintýraferðajónustuaðila og skóla sem kenna fjallamennsku og útivist.

Námskeiðið í Finnlandi

Nú þegar hafa fimm ADVENT námskeið verið prufukeyrð og var það síðasta haldið 12. – 16. maí sl. í Kajaani í Finnlandi. Námskeiðið bar heitið What kind of adventure traveller are you? Customer Knowledge og má þýða sem; Hvernig ferðalangur ert þú? Þekking viðskiptavina. Á námskeiðinu var skoðað hverjar þarfir viðskiptavina í ævintýraferðajónustu eru, hvernig þær eru að breytast og út frá því að hanna vörur og framboð sem best geta mætt þeim þörfum.

Þátttakendur sem fóru utan fyrir Íslands hönd voru þau Bjarney Bjarnadóttir frá Ís og Ævintýri og Sigurður Ragnarsson kennari frá FAS en auk þeirra voru þátttakendur frá bæði Finnlandi og Skotlandi.

Líkt og í öðrum ADVENT námskeiðum var blandað saman fræðilegri nálgun á viðfangsefnið og vettvangsferðum þar sem tekist var beint á við viðfangsefnið úti í náttúrunni. Alla daga

námskeiðsins var reynsla og upplifun þátttakendana rædd og borin saman við það sem fræðin segja um hinn ævintýragjarna ferðalang.

Fyrsti dagur námskeiðsins fór í ferðir og undirbúningsverkefni. Annar dagur hófst á stuttum fyrirlestri um ævintýraferðamennsku þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að setja sig í spor viðskiptavina og skoða þannig eigin væntingar til ævintýraferða. Að fyrirlesturinum loknum var lagt af stað á vit ævintýrana þegar þátttakendur fóru um borð í það sem Finnar kalla kirkjubát á Oulujärvi vatni og réri sjö km. leið út í eyjuna Ärrjä. Við landtöku í eyinni var skógarútulega undirbúin með því að reisa 15 manna tjald, safna eldiviði, kynda bál og elda úti undir berum himni. Um kvöldið var eyjan könnuð og þátttakendur skoðuðu möguleg tækifæri fyrir nýtingu hennar. Lítil umferð hefur verið á eyjunni síðan um miðja síðustu öld þegar pappirsfyrirtæki leigði starfsmönnum sínum aðstöðu þar til sumardvalar, en finnska ríkið sem nú á eyjuna stefnir á að hefja nýtingu hennar til útivistar. Daginn eftir var aftur sest undir árar og röið til Kajaani þar sem unnið var með verkefni sem kölluð eru mjúk og hörð nálgun í ævintýraferðum. Á fjórða degi námskeiðsins var farið í spennandi skógarferð þar sem tekið var þátt í margvíslegum ævintýrum og áskorunum og lokadagurinn var nýttur í samantekt og heimferð. Þátttakendur voru sammála um að námskeiðið hafi verið mjög vel heppnað, lærdómsríkt og skemmtilegt.

Hugmyndafærði ADVENT verkefnisins snýst að miklu leyti um að þátttakendur á námskeiðunum leggi þekkingu sína og reynslu saman þannig að

í gegnum fræðslu, upplifun, æfingar og samræður þátttakendanna verði til námssamfélag sem nýtist öllum jafnt til að auka þekkingu sína og færni. Þátttakendahópurinn samanstendur sem sagt ekki af nemendum og kennurum heldur eru það svokallaðir leiðandi þátttakendur sem stýra námskeiðinu en allir leggja í púkkið. Þeir aðilar sem leiddu námskeiðið í Kajaani komu frá háskólanum þar í bæ; Kajaani University of Applied Sciences og skiludu þeir allir mjög áhugaverðri vinnu. Í Kajaani er m.a. kennd útivistar-, íþrótt- og ferðamálafræði á háskólastigi og er mikla reynsla og þekkingu þangað að sækja sem nýtist aðilum í ævintýraferðajónustu vel.

Fundur og ráðstefna

Í beinu framhaldi af námskeiðinu var síðan haldinn samstarfsfundur í ADVENT verkefninu þar sem Olga Ingólfssdóttir frá Ríki Vatnajökuls, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari FAS og Hulda Laxdal Hauksdóttir verkefnastjóri ADVENT tóku þátt í að leggja línurnar fyrir næstu skref verkefnisins. Heimsókninni til Finnlands lauk svo með ráðstefnu þar sem fjallað var á viðum grunni um ævintýraferðamanninn, breytingar á ferðahegðunar hans síðustu árin og tækifærin sem í því felast.

Næsta námskeið haldið í Sveitarfélaginu Hornafirði

Sjöta ADVENT námskeiðið verður haldið hér heima í júlí. Það námskeið mun snúast um „Hið staðbundna“, vöruvæðingu þess og nýnytingu. Námskeiðið heitir á ensku Localism; commodification and gentrification. Þáttaka í námskeiðum ADVENT er frábær leið til að efla menntun innan ævintýraferðajónustu hér í nærumhverfinu og stendur fyrirtækjum í ævintýraferðajónustu innan Ríki Vatnajökuls til boða að senda tvo þátttakendur á júlí námskeiðið. Áhugasamir geta haft samband við Huldu á hulda@fas.is .

Nánar má lesa um ADVENT á heimasíðu verkefnisins: www.adventureedu.eu.

Fyrir hönd Finnlandsfaranna;
Hulda L. Hauksdóttir verkefnastjóri ADVENT

Hornfirðingar í hátíðarskapi

Nú er allt að smella saman vegna Humarhátíðar 2019 sem haldin verður hátíðleg 28. - 30. júní. Fjölmargir hafa sett sig í samband við Humarhátíðarnefndina og boðið fram krafta sína í fjölbreyttu formi, einnig hefur nefndin haft samband við marga og alltaf fengið jákvætt og gott viðmót. Við treystum á að Hornfirðingar leggi okkur lið þegar kemur að því að reisa og fella hátíðartjaldið, eins og í fyrra en hátíðin í ár nýtur góðs af unglingsmóti UMFÍ sem er á Höfn í sumar og fengum við landsmóttstjaldið lánað. Hátíðin verður því öll hin glæsilegasta og ekki síðri en í fyrra þegar hátíðin fór fram úr öllum okkar væntingum.

Humarhátíðin í ár verður með svipuðu sniði og hátíðin í fyrra, auglýst var eftir áhugasömum þátttakendum fyrr í vor og margir sem svörðuð kallinu. Nú er svo komið að öllum kofum sveitarfélagsins hefur verið ráðstafað í veitinga- og matsölu, nokkrir matvagnar hafa einnig boðað komu sína og enn er í boði að bæta við söluborðum í hátíðartjaldið. Einnig verður skottsalan á sínum stað en eins og annað þá er það fyrstur kemur /

fyrstur fær reglan sem er við lýði og því mikilvægt að staðfesta þátttöku sína með tölvupósti á humarhatidarnefnd@gmail.com.

Humarsúpan verður á sínum stað um allan bæ föstudagskvöldið og í ár verða einnig pallaparty viðsvegar um bæinn, þar geta einstaklingar eða nágrannar boðið gestum og gangandi í heimreiðina, á pallinn eða í garðinn og gert sér glaðan dag saman, enn er hægt að bæta við pallapartyum og skorum við á glöðværa Hornfirðinga að hafa samband og bjóða á pallinn.

Dagskrá hátíðarinnar er einnig að verða klár og munum við birta hana sem fyrst á facebook-síðunni „Humarhátíð á Höfn“. Það gleður okkur mikið að segja frá því að allir heimamenn sem sýndu áhuga á að koma fram á hátíðinni hafa verið bókaðir og er dagskráin full af úrvalsliði en allir listamenn sem koma fram á hátíðarsviðinu tengjast Hornafirði á einn eða annan hátt.

Hverfakennin og best skreytta húsið verður á sínum stað og hvetjum við alla til að hreinsa nærumhverfi sitt og skreyta bæinn. Nefndin



vill einnig nota tækifærið til að þakka allar góðu móttökurnar á undirbúningsstímanum, við hlökkum sannarlega til Humarhátíðar 2019.

Humarhátíðarnefnd 2019
Guðrún Ásdís
Jónína Kristín
Kristín Guðrún
Kristín Vala
Steinunn Hödd

Húsmæðraorlof 2019

Orlofsnefnd austur skaftfellskra kvenna vinnur að undirbúningi orlofsferðar á haustdögum 2019. Við höfum augastað á fimm daga ferð í október til Riga í Lettlandi. Um getur verið að ræða tvær dagsetningar en endanleg dagsetning ræðst af sætafjölda þegar staðfest verður.

Flogið yrði frá Keflavík eftir hádegisdag á miðvikudegi og komið til baka síðdegis á mánudegi. Tímasetning hentar vel en þannig mætti leggja af stað að heiman samdægurs og sama á við um heimkomu.

Farið verður í dags skoðunarferð út fyrir borgina annars vegar og hins vegar yrðu heimsóttir áhugaverðir staðir í höfuðborginni. Reiknað er með einum sameiginlegum kvöldverði sem væri innifalinn og hádegisverði í sveitaferðinni. Morgunverður er innifalinn alla daga. Sjá hér nánar: <https://www.urvalutsyn.is/borgir/riga-haustferdir/>

Kostnaður við ferð verður aldrei undir 120 þúsund krónum. Ferðin er niðurgreidd af orlofssjóði en hámarks viðbótarkostnaður á konu er áætlaður um 80 þúsund krónur en fer eftir fjölda kvenna.

Áhugasamar konur eru beðnar að hafa samband við einhverja undirritaðra orlofsnefndarkvenna fyrir 20. júní n.k. Í framhaldi þess könnum við stöðuna með laus sæti og annað sem þarf til að ferðin gangi upp. Ekki verður farið fyrir færri konur en 20 og hámark 30. Rétt til þátttöku eiga allar konur sem veita heimili forstöðu og búsettar eru í Austur Skaftafellssýslu.

Þegar endanlegar dagsetningar liggja fyrir verður óskað eftir að greitt verði staðfestingargjald, tuttugu og fimm þúsund krónur.

Eydís - sími 894 7830 / Sigurlaug - sími 867 8036/478 1029 /
Steina - sími 4781047

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga



Vinnuferð í Kollumúla 16. og 17. júní

Lagt verður af stað að morgni sunnudagsins 16.

júní og komið heim á mánudegi 17. júní.

Þeir sem hafa áhuga á að leggja félaginu lið hafi samband við Jón Braga 848-1958 eða Möggu 868-7624

Helstu verkefni : Þrif á skála og bera fúavörn í palla og hús.

Á söguslóð forfeðranna 11. til 14. ágúst 2019

Álftafjörður – Viðdalur – Lónsöræfi.

Laust er í þessa frábæru ferð undir leiðsögn Jóns Bragasonar.

Áhugasamir skrái sig hjá Möggu í síma. 868-7624 eða maggape@simnet.is



Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland



Vilt þú hjálpa okkur að gæta hagsmuna þjóðarinnar?

Fiskistofa óskar eftir að ráða metnaðarfulla og jákvæða starfsmenn í veiðieftirlit í Stykkishólmi og á Höfn í Hornafirði. Mannauður Fiskistofu er grunnstöðin í starfsemi hennar og er lögð mikil áhersla á starfsþróun, teymisvinnu og þekkingarmiðlun.

Starfandi veiðieftirlitsmenn eru nær eingöngu karlar og er því athygli kvenna sérstaklega vakin á starfinu í þeim tilgangi að jafna kynjahlutföll í starfsgreininni, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Helstu verkefni:

- Eftirlit á sjó, en í því felst m.a. lengdarmæling á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflsamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.
- Eftirlit í landi, en það felur m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflsamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu afladagbóka. Eftirlit með löndunum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa, eftirlit með lax- og silungsveiði ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Haldgöð reynsla af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Gott heilsufar sbr. heilsufarskröfur Fiskistofu
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sanngirni og háttvísi.
- Mjög góð hæfni í samskiptum nauðsynleg.
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. skipstjórnarréttindi, stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg.

Nánari upplýsingar um störfina veitir **Sævar Guðmundsson, deildarstjóri í veiðieftirliti** eða **Hildur Ösp Gylfadóttir** sviðsstjóri mannauðs og fjármála í síma 569-7900

Ferilskrá á íslensku sem hefur m.a. að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila sem og **kynningarbréf** þar sem hæfni viðkomandi umsækjanda í starfi er **rökstudd** sendist í gegnum heimasíðu fiskistofu, www.fiskistofa.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2019.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við SFR.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.